

Fjármála- og efnahagsráðuneytið  
Arnarhvoli við Lindargötu  
101 Reykjavík

## Sent á Samráðsgátt

Reykjavík, 13. febrúar 2019

### Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt (ríki-fyrir-ríki skýrslur)

Samtök atvinnulífsins (SA, samtökin) hafa tekið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt (ríki-fyrir-ríki skýrslur) sem birt var á samráðsgátt stjórnarráðsins þann 30. janúar 2019.

Ákvæði 91. gr. a. laga um tekjuskatt nr. 90/2003 (tsl.) fjallar um ríki-fyrir-ríki skýrslur og er byggt á BEPS aðgerðaráætlun OECD nr. 13. Staðreyndin er hins vegar sú að ákvæðið er ekki að fullu í samræmi við framangreinda aðgerðaráætlun. Af þeim sökum fagna SA því að verið sé að endurskoða ákvæðið.

Að því sögðu hafa SA eftirfarandi athugasemdir við hið fyrirbyggjandi frumvarp. Í g. og h. liðum 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins er enn gert ráð fyrir skyldu félaga að senda tilgreindar tilkynningar til Ríkisskattstjóra (RSK) fyrir lok hvers reikningsárs. Samkvæmt upplýsingum frá RSK með vísan til auglýsingar nr. 1/2019 er rýmri frestur til að skila eyðublaði RSK 4.31 (Tilkynning um skil á ríki-fyrir-ríki). Fresturinn er til 20. janúar 2019 vegna ársins 2018. Þarna er því ósamræmi í hinni fyrirhuguðu lagasetningu og þeim reglum sem nú eru í framkvæmd.

Jafnframt hefur ekki verið tekið á því ósamræmi sem er á milli ákvæðis 91. gr. a. tsl. og reglugerðar nr. 1166/2016. Í 2. mgr. 91. gr. a. tsl. er lögð skylda til þess að skila ríki-fyrir-ríki skýrslu á önnur félög á Íslandi þrátt fyrir að þau teljist ekki vera móðurfélög fjölþjóðlegrar heildarsamstæðu undir ákveðnum kringumstæðum. Í 2. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar segir hins vegar að þessi skylda hvíli á öðrum samstæðufélögum undir ákveðnum kringumstæðum. Samkvæmt skilgreiningu 2. gr. reglugerðarinnar er samstæðufélag lögaðili innan heildarsamstæðu, s.s. móðurfélag, dótturfélag eða hver annar lögaðili, þ.m.t. föst starfsstöð. Af þessu leiðir að reglugerðinni virðist ætlað að ná til fastra starfsstöðva á meðan 91. gr. a. tsl. takmarkast við félög á Íslandi og nær því ekki til fastrar starfsstöðvar erlendra félaga á Íslandi.

Virðingarfyllst,



Heiðrún Björk Gísladóttir, lögmaður  
f.h. Samtaka atvinnulífsins